

Mál nr. 93/2012
M
og
Vátryggingafélagið V v. Sólarhringsslysaftryggingar starfsmanna F

Kona slasaðist þegar hún datt af hestbaki þ. 21.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.3.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 19.3.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M fell af hestbaki þ.21.5.2009 og slasaðist. M leitaði strax til læknis vegna meiðsla og tekin var röntgenmynd af M sem sýndi samfallsbrot á l.lendahryggsbol sem 20% samfall. M var ráðlögð hvíld og taka verkjastillandi lyfja. M krefst bóta úr sólarhringsslysaftryggingu sinni sem starfsmaður F. Í bréfi lögmanns M kemur fram að tilkynnt hafi verið um slysið þ.27.12.2010 eða einu ári og sjö mánuðum eftir að slysið átti sér stað. Lögmaður M segir að það sé fyrst þ.21.12.2010 sem mögulegt sé að marka upphaf tilkynningarfrests og vísar lögmaðurinn í því sambandi til vottorðs læknisins sem skoðaði M sama dag og slysið varð þar sem segir að frekari meðferð á ávekrum M hafi ekki verið fyrirhuguð. Lögmaður M heldur því fram að M hafi ekki getað áttað sig á skömmu eftir slysið að um varanlegt mein var að ræða vegna slyssins og ekki fyrr en þ. 21.12.2010. V hafnar bótaskyldu og telur tilkynningarfrestart skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga hafa verið liðinn. V segir að M hafi fengið högg á höfuðið og hlotið beinbrot við slysið. Í ljósi þess hvað alvarleg meiðsl M voru telur V að M hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa um bætur er reist á strax í kjölfar slyssins eða þ. 21.5.2009. Þar sem slysið hafi ekki verið tilkynnt V fyrr en þ. 25.1.2011 þá hafi tilkynningarfrestartur verið löngu liðin.

Álit.

Lögmaður M segir að tilkynning um slys M hafi verið tilkynnt með ódagsettri tilkynningu, en samkvæmt gögnum sem liggja fyrir í málinu þá sendir starfsmaður lögmanns M tilkynningu til V í tölvubréfi dags. þ. 29.12.2010 og síðan aftur þ. 25.1.2011. Ekki skiptir máli varðandi niðurstöðu í málinu hvort V barst tjónstilkynning vegna M þ.29.12.2010 eða þ. 25.1.2011.

Miðað við fyrirliggjandi gögn þá liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að M hafi ekki átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum vegna slyssins strax á slysdegi og samkvæmt því er slysið tilkynnt þegar ársfresturinn skv. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 var liðinn fyrir nokkru. Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu M sem geta réttlætt það að slysið var ekki tilkynnt fyrr en að ofan greinir. M á því ekki rétt á bótum úr sólarhringsslysaftryggingu starfsmanna F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sólarhringsslysaftryggingu starfsmanna Landsbankans hjá V.

Reykjavík 11.4.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.